


Grindavíkurbær
Ingvar Þór Gunnlaugsson,
forstöðumaður
Víkurbraut 62
240 Grindavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. nóvember 2010
Tilvisun: UST20100400076/ksj

Grindavík, Aðalskipulag 2010 - 2030

Vísað er til erindis forstöðumanns tæknideildar Grindavíkur er barst 15. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um endurskoðað aðalskipulag Grindavíkur 2010 - 2030. Aðalskipulagstillagan er endurskoðun á eldra aðalskipulagi Grindavíkur 2000 - 2020. Endurskoðað aðalskipulag nær yfir allt sveitarfélagið og markar stefnu bæjarstjórnar til næstu 20 ára um þróun byggðar, atvinnustarfsemi, landnotkun og umferðarkerfi.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við endurskoðað aðalskipulag Grindavíkur 2010 - 2030.

Eldfjallagarður

Umhverfisstofnun tekur undir áform um stofnun og skipulagningu Eldfjallagarðs í lögsögu Grindavíkurbæjar.

Vatnsverndarsvæði og efnistaka

Umhverfisstofnun tekur undir að strangari kröfur beri að gera til starfsemi á mikilvægustu vatnsverndarsvæðunum. Jafnframt kemur fram í umfjöllun um vatnsverndarsvæði að: „*Athygli er vakin á því að efnistökusvæði við Stapafell, sem hefur starfsleyfi og hefur verið starfrækt um langt árabíl, er í mótsögn við þessa stefnu.*“ Umhverfisstofnun telur að tryggja þurfi að efnistökusvæðið við Stapafell stangist ekki á við stefnumótun sveitarfélagsins um verndun grunnvatns í sveitarfélaginu. Í umfjöllun um einstaka námur kemur fram að Stapafell og Rauðamelur eru afmarkaðir sem eitt efnistökusvæði í aðalskipulagi. Áætluð efnisvinnsla rekstraraðila er eftirfarandi: Íslenskir Aðalverktakar gera ráð fyrir að vinna u.þ.b. 7 milljónir rúmmetra úr Stapafelli fram til ársins 2024. Ístak gerir ráð

fyrir að vinna u.þ.b. 1 – 1,3 milljónir rúmmetra úr efnistökusvæði sínu í Stapafelli fram til ársins 2020. Stapafellsnáma er bæði í landi Grindavíkur og Reykjanesbæjar. Umhverfisstofnun bendir á að ekki hefur farið fram mat á umhverfisáhrifum efnistökkunnar í Stapafelli, en samkvæmt 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er: „*Efnistaka á landi eða úr hafsbótmi, þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri*“, framkvæmd sem ávallt er háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt ofangreindum áætlunum þarf að fara fram mat á umhverfisáhrifum áætlaðrar efnisnotkunar rekstraraðila efnisnáms í Stapafelli.

Efnislosun

Í umfjöllun um efnistöku og efnislosun kemur fram að stefna aðalskipulagsins sé sú að nota tiltekin efnistökusvæði til móttöku á óvirkum úrgangi í sveitarfélaginu sem hluta af frágangi þeirra. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti umfjöllun um förgun óvirkis úrgangs að vera nákvæmari í aðalskipulagstillögunni. Í umhverfisskýrslu kemur fram að efnistökuastaðir verði að mestu leyti sömu staðir og gert er ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi: „*en stefnan um framtíðar efnistöku er mótuð frekar og reglur um efnistöku teknar fastari tökum.*“ Umhverfisstofnun tekur undir þessi markmið en bendir um leið á að texti á þemakorti um námur er ekki í samræmi við markmiðin, en þar segir m.a. um námasvæði við Fiskidalsfjall og Húsafell austan Grindavíkur: „*hafa ekki lengur starfsleyfi og hvorki er vitað um stærð efnistökusvæðis né efnismagn. Reiknað er með að áframhaldandi starfsleyfis verði aflað og námurnar því sýndar í endurskoðuðu aðalskipulagi.*“ Að mati Umhverfisstofnunar setur sveitarfélagið sér stefnu varðandi landnotkun m.a. hvað efnistökusvæði varðar. Einnig er það sveitarfélagsins að hafa upplýsingar um stærð efnistökusvæðis og áætlun um væntanlega efnistöku og á grundvelli þeirra upplýsinga að ákveða hvort veitt verði áframhaldandi starfsleyfi.

Hverfisvernd

Umhverfisstofnun tekur undir markmið um hverfisvernd í aðalskipulagstillögunni, og telur mikilvægt að náttúruminjar séu verndaðar með hverfisvernd þótt ekki sé um lögformlega friðun að ræða. Mörkuð er stefna í aðalskipulagstillögunni um að hverfisverndarsvæðin verði lykilstaðir eða gegni mikilvægu hlutverki í áformuðum eldfjallagarði. Skilmálar hverfisverndarsvæðanna leyfa framkvæmdir við stíga og merkingar vegna fræðslu, og bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að við framkvæmdir verði eins lítil röskun á jarðminjum og kostur er. Sérstaklega er svæðið sem merkt er HV1 Skálafell - Háleyjarbunga mikilvægt, en eins og fram kemur í tillögunni er það hluti af náttúruverndaráætlun 2004 - 2008 sem Alþingi hefur samþykkt að vinna að friðlýsingu á. Á ofangreindu svæði eru einstakar náttúruminjar og óvída annars staðar en á Reykjanestá má sjá eins glögg merki gliðnunar Mið-Atlantshafshryggjarins. En einnig eru þar óskipulagðir vegir, slóðar og efnistaka og röskun hefur orðið vegna framkvæmda m.a. er talið að kríuvarp hafi farið undir framkvæmdir við Gráa Lónið. Umhverfisstofnun bendir á að vanda þarf allar

framkvæmdir á svæðinu til að koma í veg fyrir óþarfa skemmdir á svo merkum jarðminjum.

Náttúruvernd

Í umfjöllun um landnotkun svæða á náttúruminjaskrá kemur fram að á svæðinu **Reykjanes, Eldvörp og Hafnarberg** var starfrækt saltverksmiðja og nú er þar fiskpurkkun og fiskeldi. Umhverfisstofnun hefur áður vakið athygli á því að umgengni á lóð þessara fyrirtækja er ábótavant og ítrekar það aftur hér með.

Í umfjöllun um landnotkun svæða á náttúruminjaskrá kemur einnig fram að á svæðinu Sundhnúksröðin og Fagridalur sem er víðáttumikið náttúruminjasvæði, er skógræktarsvæðið Selskógur. Í nánari umfjöllun um trjárækt og gróðursetningu er bent á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, að öll ræktun útlendra tegunda sé óheimil á eldhraunum sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 er víðari en hér kemur fram en þar segir: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 m hæðar yfir sjó.“

Varðandi verndun eldhrauna sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd vill stofnunin benda á að affallsvatn frá starfsemi HS Orku hf hefur skapað töluverð vandmál og hefur fyrirtækið í neyð þurft að dæla affallsvatninu út í ósnortið hraun við baðstaðinn Bláa Lónið. Þetta hefur haft tölvuverð ásýndaáhrif á hraunið og nærumhverfis þess raskast töluvert. HS Orka hefur haft samráð við stofnunina hvað varðar lausn á þessum vanda en ljóst er að mikilvægt er að huga að framtíðarlausnum í þessum málum þannig að affallsvökvi raski ekki mosa og ásýnd hrauns frekar en orðið er. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti í aðalskipulagi að koma fram skýr framtíðarstefna um förgun affallsvatns á svæði virkjunar í Svartsengi.

Akstursíþróttir

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að koma í veg fyrir utanvegaakstur, og tekur undir þá áætlun að sameiginlegt akstursíþróttasvæði sveitarfélaga á Suðurnesjum verði á þeim hluta námasvæðis við Stapafell og Rauðamel sem búið er að fullvinna. Einnig kemur fram í greinargerð að ofangreint svæði sé gríðarstórt. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að þess sé gætt að einungis sé gert ráð fyrir akstursíþróttasvæði á þegar röskuðum svæðum og að framkvæmdir tengdar ofangreindum áætlunum verði einnig einungis á þegar röskuðum svæðum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vel sé hugsað um þessi svæði og þau séu skýrt afmörkuð til að koma í veg fyrir skemmdir af völdum aksturs utan vega, á nærliggjandi svæðum. Einnig bendir stofnunin á að samkvæmt 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin ökutæki, framkvæmdir sem kunna að hafa í för

með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum og eru þær því tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar.

Opin svæði til sérstakra nota

Í umfjöllun um opin svæði til sérstakra nota kemur fram að hesthúsasvæði verður flutt út fyrir þéttbýlið á svæðið Dagmálaholt. Svæðið sem hesthúsin flytjast á er á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, og mun nútímahraun raskast vegna áætlunarinnar. Í töflu 8 sem sýnir umhverfisáhrif stefnumiða er varða opin svæði til sérstakra nota, er áhrif á jarðmyndanir talin engin eða 0, og áhrif á náttúru- og menningarminjar talin vera jákvæð og áhrif á landslag 0. Í umsögn sinni um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000 - 2020 og dags. 20. janúar 2010 er fjallar um færslu á hesthúsasvæði á Dagmálaholt, leggst stofnunin gegn því að hesthúsasvæði rísi á Dagmálaholti og í þeirri umsögn taldi Umhverfisstofnun áhrif áætlunarinnar muni verða *verulega neikvæð*, enda nær framkvæmdin yfir 65 hektara svæði þar sem er nútímahraun. Breytingin sé varanleg og óafturkræf og í ósamræmi við ákvæði laga, reglugerða og almenna stefnumörkun stjórnvalda hvað varðar verndun eldhrauna. Umhverfisstofnun er því ósammála niðurstöðu í töflu 8 um umhverfisáhrif stefnumiða er varða opin svæði til sérstakra nota og gerir athugasemd við hana.

Beðist er velvirðingar hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllt

Ólafur A Jónsson
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur